# Tuttugu sönglög frá tuttugustu öld

Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
sópran
Eva Þyri Hilmarsdóttir
píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 25. júlí 2023 kl. 20:30

# Efnisskrá

| | | |
|---|---|---|
| Lili Boulanger<br>1893–1918 | *Elle était descendue au bas de la prairie* | 1914<br>*Francis Jammes* |
| Arnold Schönberg<br>1874–1951 | *Vier Lieder*, ópus 2 | 1899 |
| | Erwartung | *Richard Dehmel* |
| | Schenk mir deinen goldenen Kamm | *Richard Dehmel* |
| | Erhebung | *Richard Dehmel* |
| | Waldsonne | *Johannes Schlaf* |
| Alban Berg<br>1885–1935 | *Sieben Frühe Lieder* | 1905–1908 |
| | Nacht | *Carl Hauptmann* |
| | Schilflied | *Nikolaus Lenau* |
| | Die Nachtigall | *Theodor Storm* |
| Richard Strauss<br>1864–1949 | *Drei Lieder der Ophelia* | 1918 |
| | Wie erkenn' ich mein Treulieb | |
| | Guten Morgen, 's ist Sankt Valentinstag | |
| | Sie trugen ihn auf der Bahre bloß | |
| | | *Karl Joseph Simrock* |

| | | |
|---|---|---|
| Rebecca Clarke<br>1886–1979 | *A Dream* | 1926<br>*William Butler Yeats* |
| Jóhann G. Jóhannsson<br>f. 1955 | *Þótt form þín hjúpi graflín* | 2010<br>*Halldór Laxness* |
| Hugo Alfvén<br>1872–1960 | *Skogen sover* | 1908<br>*Ernest Thiel* |
| Leonard Bernstein<br>1918–1990 | *I Hate Music!*<br>My name is Barbara<br>Jupiter has seven moons<br>I hate music!<br>A big Indian and a little Indian<br>I'm a person too | 1942<br><br><br><br><br><br>*Leonard Bernstein* |
| Richard Strauss<br>1864–1949 | *Amor* | 1918<br>*Clemens Brentano* |

**Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir** útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2021 með tvöfalda bakkalárgráðu í fiðluleik og söng með hljómsveitarstjórn sem aukafag. Í vor lauk hún meistaranámi í söng við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi. Hún söng og stjórnaði kammersveit á tónleikunum *Hvað syngur í stjórnandanum?* á síðustu Óperudögum og frumflutti þrjú verk, sem samin voru fyrir tilefnið. Hún vann í söngkeppninni *Vox Domini* vorið 2022, söng einsöngshlutverkið í fjórðu sinfóníu Mahlers með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins í mars og kom fram á tónleikunum *Ungir einleikarar* með Sinfóníuhljómsveit Íslands í maí.

Vorið 2022 var Ragnheiður ein sex ungra hljómsveitarstjóra sem valdir voru til tveggja ára náms við alþjóðlegu Malko hljómsveitarstjóraakademíuna í Kaupmannahöfn. Sem fiðluleikari hefur hún leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit MÍT, gegnt stöðu konsertmeistara Ungsveitar SÍ, Ungfóníunnar og Sinfóníuhljómsveitar MÍT og leikið í Orkester Norden og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ragnheiður var valin „bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaununum 2023.

**Eva Þyri Hilmarsdóttir** lauk prófum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Det Jyske Musikkonservatorium í Árósum, og The Royal Academy of Music í London, en þaðan útskrifaðist hún með hæstu einkunn, hlaut heiðursnafnbótina DipRAM og The Christian Carpenter Piano Prize fyrir framúrskarandi lokatónleika. Helstu kennarar hennar voru Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Halldór Haraldsson, John Damgård og Michael Dussek.

Auk fjölda einleikstónleika hefur Eva Þyri komið fram sem einleikari með hljómsveit og tekið þátt í frumflutningi íslenskra og erlendra verka, meðal annars á hátíðunum Myrkum Músíkdögum, Ung Nordisk Musik, Young Euro Classic Festival í Berlín, Young Composers Symposium í London og Óperudögum í Reykjavík. Hún lék einnig á yfir hundrað tónleikum í tónleikaröðinni Pearls of Icelandic Song í Hörpu sem var tileinkuð íslenskum sönglögum. Í desember 2018 gaf hún út, ásamt Erlu Dóru Vogler, geisladisk með sönglögum Jórunnar Viðar, í tilefni 100 ára afmælis hennar, og hlaut hann til tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins 2018.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana*